



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Fyrirspurn í Borgarráði:

BORGARRÁÐ 18.8.'16: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um kvartanir vegna byggingaframkvæmda einkaaðila - R16080090

„Nú er ljóst að miklar byggingaframkvæmdir eru á vegum einkaaðila í borginni sem valda miklum truflunum á umferð, bæði gangandi, hjólandi og bifreiða og skapa hættu og öngþveiti fyrir íbúa og ferðamenn, ásamt því í mörgum tilvikum að hefta aðgengi almennings að verslun og viðskiptum á þéttingarsvæðum, aðallega í miðborginni, eins og t.d. framkvæmdir á Hverfisgötu, við Laugaveg og Austurbakka (nágrenni Hörpunnar og Tryggvagötu) eru að gera. Óskum við eftir upplýsingum um hversu margar athugasemdir og kvartanir út frá aðgengi hafa borist vegna þéttingarsvæða, byggingarsvæða í borginni og hvernig hefur verið brugðist við þeim.“

Í fyrirspurninni er sérstaklega spurt fyrir um framkvæmdasvæði við Geirsgötu, Austurbakka og Hörpu, yfir á Tryggvagötu og Hafnarstræti. Einnig framkvæmdir við Hverfisgötu.

Á grundvelli skipulags borgarinnar er byggt að lóðarmörkum borgarlands og byggingarreiturinn þannig nýttur til fullnustu. Áhrif þessa gætir sérstaklega við aðliggjandi göngu – og hjólaleiðir við slíkar aðstæður. Auk þess að byggingareitir liggja hver nær öðrum á mjög takmörkuðu svæði við sömu götu og/eða svæði. Slíkar aðstæður skapa óhjákvæmilega aðstæður sem fela í sér verulega truflun á umferðarflæði gatnakerfis þ.m.t. aðgengi vegfaranda.

Framkvæmdir á Geirsgötusvæðinu ná frá Hörpu og út í Hafnarstræti. Um svæðið liggja stofnæðar umferðar í kjarna miðborgarinnar. Að framkvæmdunum koma margir ólíkir aðilar (leyfishafar) byggingaframkvæmdanna auk borgarinnar og vegagerðar vegna gatnaframkvæmda. Um er að ræða eitt flóknasta úrlausnarefni sem tekist hefur verið á við hjá Reykjavíkurborg hvort heldur er um að ræða samræmingar á skipulags – og byggingartæknilegum þáttum eða viðamiklum gatnaframkvæmdum. Í ljósi framangreinds hefur ekki alltaf verið á vísan að róa með framvindu mismunandi framkvæmdaþátta á svæðinu. Í einhverjum tilfellum hefur það haft áhrif á aðra þætti svo sem umferðarflæði.

Lögð hefur verið áhersla á sem best samræmi milli framkvæmdaraðila á svæðinu. Í því samhengi hafa verið haldnir vikulegir samráðsfundir allra aðila. Fundirnir hafa verið að forgöngu skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) og hefur fulltrúi SRU/USK setið fundina en skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands (SRU) fer með leyfisveitingar vegna veghalds í borginni (götur, göngu – og hjólastígar) lögum samkvæmt svo og tímabundnum afnotum af borgarlandi. Þannig hefur verið hægt að bregðast strax við og með því lágmarka óþarfa truflun á umferðarflæði um svæðið.

Að mati SRU hefur vel tekist til í þessum efnum miðað við eðli og umfang framkvæmdasvæðisins þó alltaf megi gera betur. Til að tryggja sem best umferðarflæði m.t.t. öryggis vegfarenda eru sett fram skilyrði í afnotaleyfi um hjáleiðir þar sem þeirra er þörf aðstæðna vegna. Útfærslur á hjáleiðum geta verið mismundandi eftir aðstæðum t.d. að vegfarendum er vísað með svokölluðum „Merkingum vinnusvæða“ yfir götu á göngu – og hjólaleið sem þar er til staðar. Í öðrum tilfellum er sett upp undirliggjandi hjáleið um vinnupalla sem gönguleið þar í geng.

Almennt berast fyrirspurnir og kvartanir í gegnum símaver Reykjavíkurborgar og tölvupóst og einnig í nokkrum tilfellum um ábendingarvef borgarinnar. Ekki hefur gefist tími hjá SRU til að vinna faglega úttekt á fyrirspurnum og kvörtunum þ.e. á fjölda eða tilefni s.s. vegna aðgengis á eða við framkvæmdasvæði og byggingarreiti í borginni. Þó hefur verið gerð úttekt af símaveri borgarinnar á fjölda innhringinga sem varða afnotaleyfi og framsendar eru á starfsmenn við útgáfu afnotaleyfa. Um er að ræða 2.5 símtöl á dag á því tímabili sem úttektin átti sér stað.

Starfsmenn afnotadeildar SRU meta það svo að á viku hverri berist tvö til þrjú tilfelli kvartana af margvíslegum toga sem varða afnot af borgarlandi til umfjöllunar og/eða skoðunar. Mörg þeirra eru minniháttar athugasemdir en aðrar þess eðlis að krafist er úrbóta þegar í stað.

Þegar fyrirspurnir eða umkvartanir berast SRU er varða tímabundin afnot af borgarlandi tekur eftirlit skrifstofunnar við slíkum verkefnum. Mætt er á vettvang, aðstæður skoðaðar m.t.t. umkvörtunar og hvort farið hafi verið eftir skilyrðum afnotaleyfis. Ef ekki, þá er krafist úrbóta og því fylgt eftir af hálfu eftirlits SRU. Auk þess eru farnar reglulegar eftirlitsferðir starfsmanna SRU um borgina og aðstæður skoðaðar við framkvæmdasvæði.

Um síðustu áramót var tekið upp nýtt leyfiskerfi (RosyDig) að norrænni fyrirmynd við útgáfu afnotaleyfa SRU. Kerfið tekur einnig til eftirfylgni með að farið sé að skilyrðum þeirra, þ.m.t. merkingu vinnusvæða. Unnið er að því að efla eftirlit SRU og alla eftirfylgni á vettvangi með það að markmiði að tryggja sem best að farið sé að lögum og reglum um aðgengi og öryggi vegfarenda við framkvæmdasvæði í borginni.

Hér í framhaldi eru sett fram dæmi um skilyrði afnotaleyfa sem varða aðgengismál og hjáleiðir við framkvæmdastað.

„Merkingar skulu vera í samræmi við gildandi umferðarlög og reglugerðir, merkingar skulu uppfylla kröfur um “Merkingar vinnusvæða”, nýjustu útgáfu, útgefin af Vegagerðinni og Reykjavíkurborg, sjá nánar heimasíðu Reykjavíkurborgar.
<http://www.reykjavik.is/vinnustadamerkingar>. Að öðru leyti ber leyfishafi að afla annarra tilskilinna leyfa sem varðað geta umsókn hans og leyfisveitingu lögum og reglum samkvæmt.“

„Ábyrgðaraðili tryggir að gangandi vegfarendum stafi ekki hættu af framkvæmdum með því að afmarka gönguleið framhjá framkvæmdastað, meðan á framkvæmdum stendur. Töfum á umferð skal haldið í lágmarki og framkvæmdum ljúki á tilsettum tíma.“

„Leyfishafi skal gæta þess í hvívetna að fyllsta öryggis vegfarenda sé gætt og að óþægindi fyrir nágranna séu sem minnst. Leyfishafi skal tryggja að tafir á umferð verði í lágmarki og framkvæmdum ljúki á tilsettum tíma.“

Dæmi eru um að ekki hafi verið farið að skilyrðum leyfisveitingar sem m.a. hafa torvelað aðgengi eða umferðarflæði við framkvæmdastað. Framangreindri kerfisbreytingu er ætlað að bæta þar verulega úr. Auk þess hefur átt sér stað fjölgun starfsmanna sem vinna við leyfisveitingar fyrir afnotum að borgarlandi og veghalds Reykjavíkurborgar.

Beðist er velvirðingar hve svar við erindinu barst seint.

Guðmundur Vignir Óskarsson
Verkefnisstjóri

Hjalti J. Guðmundsson
Skrifstofustjóri SRU